



Borgarráð

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um auglýsingar fyrir Hverfið mitt

Á fundi borgarráðs 28. mars 2019 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

Hver tók ákvörðun um að fara í snappverkefnið Hverfið mitt og greiða áhrifavöldum fyrir? Hvernig voru áhrifavaldarnir valdir? Var einhvers konar samkeppni um valið eða voru þeir haldvaldir? Hvað hefur verið miklu fjármagni í verkefnið og hvað hefur hver og einn fengið greitt? Hvað hefur verkefnið staðið yfir í mörg ár? Hafa áhrifavaldar fengið borgað fyrir önnur átaksverkefni og í aðdraganda síðustu borgarstjórnarkosninga?

Með bréfi dags. 28. mars 2019 var fyrirspurnin send skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Reykjavíkurborg hefur starfrækt lýðræðisverkefnið Hverfið mitt frá árinu 2011. Í verkefninu geta borgarbúar kosið um úthlutun fjármagns til smærri nýframkvæmda og viðhaldsverkefna í hverfum borgarinnar. Utanumhald verkefnisins er hjá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu sem fól, í samráði við upplýsingadeild Reykjavíkurborgar, auglýsingastofunni Hvíta húsinu að hanna, útfæra og dreifa kynningarefni fyrir hugmyndasöfnun annars vegar og rafrænar kosningar hins vegar. Heildarfjárhæð sem ráðstafað hefur verið í framkvæmdir verkefnanna á árunum 2012-2019 er um 3.000.000 milljónir króna. Heildarfjárhæð sem ráðstafað hefur verið í kynningar á verkefninu á árunum 2012-2019 er um 40 milljónir króna. Áhrifavaldar fengu samtals 500.000 krónur af kynningarkostnaði hugmyndasöfnunarinnar á árinu 2019.

Sérfræðingar Hvíta hússins völdu áhrifavalda sem eina af 15-20 mismunandi leiðum herferðarinnar til að miðla upplýsingum. Hvíta húsið kynnti tillögur að hópum áhrifavalda sem líklegir eru til að ná til ákveðinna hópa og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa valdi á milli þeirra í samráði við upplýsingadeild. Tilgangurinn var að koma skilaboðum á framfæri til aldurshóps sem hefur tekið minni þátt í verkefninu undanfarin ár en aðrir hópar.

Heimsóknir á vefsíðu verkefnisins árið 2019 voru 38.733 sem er meira en nokkru sinni fyrr. Mesta aukningin var í aldurshópnum 25-34 ára eða aukning um tæp 42%. Allt efni áhrifavaldanna var vistað og endurnýtt meðan hugmyndasöfnunin stóð yfir, dagana 20. mars- 9. apríl. Áhrifavaldarnir deildu öllu sínu efni ásamt hlekkjum beint inn á hugmyndasöfnunina og Reykjavíkurborg fékk afnot af öllu efninu til deilingar. Áhrifavaldarnir hafa á bilinu 9.400-23.300 fylgjendur á samfélagsmiðlum.

Aðrar leiðir sem farnar voru til að ná til sem flestra borgarbúa voru:

Samfélagsmiðlar: Facebook, Messenger, Instagram, Youtube og Google display network.

Sjónvarp: RÚV og Sjónvarp Símans.

Prentmiðlar: Morgunblaðið, Breiðholtsblaðið og Vesturbæjarblaðið.

Vefsíður: Mbl.is, Visir.is og Reykjavik.is.

Annað: Umhverfisgrafík, LED-skilti í borgarlandinu.

Hverfið mitt er eina verkefnið sem vitað er til að hafi keypt þjónustu áhrifavalda innan Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg hefur aldrei nýtt sér þjónustu áhrifavalda í aðdraganda borgarstjórnarkosninga.

Theódóra Sigurðardóttir